

Klaisorgelið endurnýjað

Stóra orgel Hallgrímskirkju, smiðað í hinni heimspékktu orgelsmiðju Johannes Klais í Bonn í Pýskalandi, er stærsta hljóðfæri Íslands. Það var vígt 13. desember 1992. Stærð þess, glæsileg hönnun og hljómgæði í samsplili við afburða orgelhljómburð og fegurð innrýmis Hallgrímskirkju hafa gert þetta orgel mjög eftirsótt um allan heim. Fremstu organistar heimsins sækjast eftir því að halda tónleika í Hallgrímskirkju. Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur frá vígslu orgelsins staðið fyrir reglubundnu orgeltónleikahaldi, sem smám saman hefur vaxið, einkum á sumrin þegar þúsundir ferðamanna sækja Alþjóðlega orgelsumarið, hátið sem stendur frá júní til ágúst hvert ár. Á hverju ári eru haldnir um 40 orgeltónleikar í Hallgrímskirkju. Orgelið þjónar Hallgrímssöfnuði við helgjáhlárið um kring, í hverri guðspjónustu, við brúðkaup og útfarir. Auk þess fá lengst komnir nemendur við Tónskóla þjóðkirkjunnar að njóta kennslu við þetta fullkomna hljóðfæri. Varla líður nokkur dagur að ekki sé spilað á Klaisorgelið í Hallgrímskirkju.

Í byrjun árs 2013 komu orgelsmiðir frá Klais orgelsmiðjunni í Bonn til að hreinsa orgelið og endurnýja ýmsa hluti sem vegna mikils álags höfðu slitnað. Við hreinsunina burfti að taka allar pípur (samtals 5273) úr orgelinu. Í leiðinni gefst einstakt tækifæri til að gera breytingar á tölvubúnaði orgelsins, sem ný tækní og auknar kröfur kalla á. Nú þegar þessu umfangsmikla verki er lokið má segja að Klaisorgelið í Hallgrímskirkju sé sem nýtt, hver einasta pípa hefur verið þússuð og endurstilt, rafrænt stýrkerfi orgelsins hefur verið uppfært til dagsins í dag, með mörgum heillandi nýjum möguleikum.

Listamenn sem komu fram á Alþjóðlegu orgelsumri 2012 gáfu vinnu sína til stuðnings viðgerðarsjóði. Við kirkjudyr hefur verið komið upp upplýsingum og söfnunarpípu, þar sem orgeltónlistarvinum gefst áfram kostur á að leggja okkur lið í þessu kostnaðarsama verkefni.

Listvinafélagið færir öllu stuðningsfólkini innilegar þakkir.

Gleðilegt Alþjóðlegt orgelsumar 2015!

Hörður Áskelsson
organisti Hallgrímskirkju





The renovation of the 72 stop Klaisorgan

The big organ in Hallgrímskirkja, built in Johannes Klais' world-renowned Orgelbau in Bonn in Germany, is the largest musical instrument in Iceland. It was inaugurated on December 13th 1992 and celebrated its twentieth anniversary 2012. Its size, elegant design, and sound, coupled with the acoustics and splendid interior of Hallgrímskirkja have made this grand organ a much sought after instrument all over the world. The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society has from the organ's inauguration organized an ever increasing number of organ concerts, especially during the summer when thousands of tourists attend the International Organ Summer, an annual festival held from June until August.

Each year, around 40 organ concerts are given in Hallgrímskirkja and advanced students at the Music Academy of the Evangelical Lutheran Church of Iceland frequently receive lessons at this excellent instrument. Hardly a day goes by without someone playing Hallgrímskirkja's Klais-organ.

At the beginning of 2013 representatives from the Klais Orgelbau in Bonn arrived in Iceland to clean the organ and renew various pieces of hardware that had become worn due to much strain. During this process all 5.273 organ pipes had to be removed. This presented an excellent opportunity for modifications on the organ's computer equipment, called for by new technology and increased demands. At the completion of this extensive project it can be said that the Klaisorgan in Hallgrímskirkja is as new, every pipe has been

polished and retuned and the electronic operating system has been updated, with many fascinating new possibilities.

Information and a collection-pipe may be found at the church entrance, where friends of the organ and its music can support us in this expensive project.

The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society expresses its heartfelt gratitude to all supporters.

Happy International Organ Summer 2015!

Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja

New CD with Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson has been organist at Hallgrímskirkja since 1982, when he returned to Iceland from his studies in Düsseldorf, Germany. He has played a key role in building up the church's artistic activities, founding the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society, the Hallgrímskirkja Motet Choir and the Schola cantorum chamber choir.

Two acclaimed events on the Icelandic music calendar, the biennial Festival of Sacred Arts and the International Organ Summer concert series, were devised by Áskelsson, who is their artistic director.

Many composers have dedicated their work to Áskelsson who has performed at important festivals and cathedrals in Europe such as Notre Dame in Paris, St. Sulpice and Cologne Cathedral.

His latest CD, recorded in 2014, celebrates the renovation of the Klais organ.

KIRKJULISTAHÁTIÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU / FESTIVAL OF SACRED ARTS

14. - 23. ágúst 2015 / August 14 - 23 2015

Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju / Festive concert in Hallgrímskirkja

lau. 15. ágúst kl. 19 & sun. 16. ágúst kl. 16
Sat. August 15 at 7 PM / Sun. August 16 at 4 pm

SOLOMON

eftrí/ by G. F. Händel
Óratória í 3 þáttum / Oratorio in three acts



Robin Blaze countertenor, King Solomon

Póra Einarsson Soprano, Solomon's Queen and first woman

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir Mezzosoprano, Queen of Sheba and second woman

Benedikt Kristjánsson Tenor, Zadok priest and attendant

Oddur Arnþór Jónsson Bass, Levite - The Hallgrímskirkja Motet Choir

The Hague International Baroque Orchestra, Concertmaster Tuomo Suni

Conductor Hörður Áskelsson - Admission 9.900/ 6.900 ISK

Tuesday August 18 - 8 pm BAROQUE CONCERT- "The other side of Händel"

The celebrated Icelandic baroque group "Nordic affect" with soprano, tenor and bass soloists, Ian Wilson recordist from Scotland and Tuomo Suni violinist from Finland - Admission 3.900 ISK

Thursday August 20 - 8 & 10 pm DOUBLE CONCERT!

8 pm Olivier Latry organist of Notre Dame plays a solo recital

10 pm "Le Sacré de Printemps" by Stravinsky played with four hands and four feet by Olivier Latry and Shin-Young Lee.

Admission 8 pm 3500 ISK / 10 pm 2000 ISK / both concerts 4000 ISK



Friday August 21 - 5 pm Evensong with "KING'S MEN" Free entrance

8 pm Concert with "KING'S MEN" from King's College Choir,

Cambridge. Conductor: Stephen Cleobury

Admission 4.900 ISK



Saturday August 22 - 3-9 pm REYKJAVÍK CULTURAL NIGHT - FEAST OF HYMNS

Première of five Icelandic psalms by ten Icelandic women, lyrics and music

King's Men Cambridge, Schola cantorum,

The Hallgrímskirkja Motet Choir,

Orlando Singers, various choirs

and soloists, etc - Free entrance

Sunday August 23 - 5 pm FINAL

CONCERT with Schola cantorum,

conductor Hörður Áskelsson. Program

includes premiere of "Missa semplice" by

John A. Speight for mixed choir, soprano

solo and harp, and gemstones of Icelandic choral music. Admission 3.900 ISK

kirkjulistahatid.is / listvinafelag.is -Ticket sale in Hallgrímskirkja, 354-510 1000/TIX.IS



Ágætu tónleikagestir

Velkommnir á tónleika Alþjóðlegs Orgelsumars 2015!

Klaínsorgel Hallgrímskirkju er margslungið og heillandi hljóðfæri. Í 23 ár hefur bað laðað til sín stóran hót úrvals orgelleikara frá öllum heimshornum og tugbúsundir áheyrenda, sem sækja orgeltónleika eða fylgjast áhugasamir með æfingum organistanna á opnunartínum kirkjunnar. Ekki aðeins hinir litríku orgeltónar heilla kirkjigesti, heldur einnig stærð, útlit og listilegt samspil kirkjunnar og orgelsins. Það er gaman að fylgjast með svipnum á ferðafólk sem kemur í fyrsta sinn inn í kirkjuna. Eftir spölkorns göngu inn kirkjugólfíð, líta þau til baka þar sem orgelið blasir við og á það dettur svipur fullur undrunar og aðdáunar. Við sem hér störfum, höfum þetta orgel fyrir augum og eyrum alla daga. Það eru forrétindi sem gestir kirkjunnar eru duglegir að minna okkur á.

Alþjóðlegt Orgelsumar býður upp á orgeltónlist og flytjendur sem koma viða að. Í ár eru organistarnir frá 7 löndum og bjóða upp á efnisskrár með fjölbreytri orgeltónlist. Ég vona að þið njótið vel þess sem hér er á borð borið og að glejandi orgeltónarnir kalli fram góðar tilfinningar.

Takk fyrir komuna.

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi



Dear guests

Welcome to the Hallgrímskirkja International Organ Summer concert series!

The Klais organ of Hallgrímskirkja is a complex and enchanting instrument, attracting for 23 years a large group of high-grade organists from all over the world and thousands upon thousands of guests, either attending concerts or eagerly watching the organists rehearse during the opening hours of the church. It is not just the colourful sounds of the organ that charm the guests of Hallgrímskirkja, but also its sheer size, appearance and the beautiful interplay between organ and church. It is always a great pleasure observing the faces of the tourists entering the church for the first time. After a short stroll along the church floor, they turn around and see the organ, their expressions ones of wonder and admiration. The organ and its use is a part of our daily routine here at Hallgrímskirkja and our guests remind us every day of what a privilege that is.

The International Organ Summer offers organ music and musicians from far and wide. This year the organists come from 7 different countries, playing varied programs. It is my hope that you enjoy what we have to offer here and that the joyous sounds of the Klais organ will bring out happiness in your hearts.

Thank you for your visit.

Hörður Áskelsson, Artistic Director

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION


Hádegistónleikar / **Lunchtime concerts:** 2.000 ISK

Schola cantorum: 2.000 ISK

Sunnudagstónleikar / **Sunday concerts:** 2.500 ISK

Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins


LISTVINA FÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 33. STARFSÁR
HALLGRIMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 33RD SEASON



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2015

THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER
IN HALLGRÍMSKIRKJA 2015

13. JÚNÍ – 9. ÁGÚST / JUNE 13 – AUGUST 9



Björn Steinar Sólbergsson

lau. 13. júní kl. 12 / Sat. June 13 at 12 noon

sun. 14. júní kl. 17 / Sun. June 14 at 5pm



Alþjóðlegt orgelsumar hefst með tónleikum Björns Steinars Sólbergssonar, organista við Hallgrímskirkju og skólastjóra Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Björn Steinar stundaði framhaldsnám í Róm hjá James E. Göettsche og í París hjá Susan Landale. Hann starfaði sem organisti við Akureyrarkirkju í 20 ár og vann að uppbryggingu tónlistarstarfs þar. Björn Steinar hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis og leikið einleik með annars með Sinfóniuhljómsveit Íslands. Efnisskrá sunnudagsins er undir sterkum frönskum áhrifum með verkum eftir Gigout, Mulet og Widor, en auk þess leikur Björn Steinar tónlist eftir hina þýsku Lübeck og J.S. Bach auk eigin umritunar á Rímannadönum Jóns Leifs.

The opening concert of the International Organ Summer 2015 showcases Björn Steinar Sólbergsson, organist in Hallgrímskirkja and director of the National Church School of Music. After completing his studies in Iceland, Björn Steinar studied in Italy with James E. Göettsche, and in Paris with Susan Landale. Björn Steinar has performed in Europe and USA and as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra. His programme has a strong French undercurrent with works by Gigout, Mulet and Widor, alongside pieces by the Icelandic Jón Leifs and the German J.S. Bach.

Iveta Apkalna

lau. 20. júní kl. 12 / Sat. June 20 at 12 noon

sun. 21. júní kl. 17 / Sun. June 21 at 5pm



Iveta Apkalna er án efa ein af skærstu stjórnun orgelheimsins í dag. Frægð Ivetu byggir á ótrúlegri tækní, tónlistarlegri næmni og mikilli útteislun sem gera tónleika hennar að hreinni upplifun. Iveta er frá Lettlandi en býr í dag bæði í Riga og Berlín. Hún hefur lagt metnað sinn í að fára orgeltónlistina inn í tónlistarhúsin og hefur leikið einleik í frægustu tónleikahúsum um allan heim. Hún hefur einnig komið fram með mörögum sinfóniuhljómsveitum í heimsklassa. Á tónleikum sínum í Hallgrímskirkju blæs Iveta nýju lífi í tónlist eftir A. Kalejs, Franck, J.S. Bach, Eschaich, Glass og Liszt.

Iveta Apkalna has in recent years successfully elevated the reputation of the organ with her compelling performances, technical brilliance and charismatic stage presence and thus been propelled to star status. As a soloist, Iveta Apkalna performs in prestigious concert halls all over Europe and in the U. S. A. She has appeared with some of the world's top orchestras including the Berlin Philharmonic, Berlin Radio Symphony, Hamburger Philharmoniker, Kremerata Baltica and Latvian National Orchestra under the direction of renowned conductors. Recent highlights include a recital at the Kennedy Center in Washington D.C. and performances at the Antwerp Cathedral and with the Cologne Philharmonic.

James D. Hicks

lau. 27. júní kl. 12 / Sat. June 27 at 12 noon

sun. 28. júní kl. 17 / Sun. June 28 at 5pm



James D. Hicks er fæddur í Bandaríkjunum og hlaut þar menntun og starfsframa, en hann starfaði m. a. í 26 ár við Biskupakirkjuna í Morristown í New Jersey. Á síðustu árum hefur áhugi hans beinst að Norðurlöndunum þar sem hann hefur dvalið við upptökur og tónleikahald. Mörg ný norræn organverk hafa verið samin að beiðni Hicks og nokkur af þeim verkum verða á efnisskrá helgarinnar. Tónleikarnir munu bera vitni um áhuga Hicks á norrænni tónlist sem og um bandarískan bakgrunn hans. Leikin verða verk eftir J.K. Paine, Karlsen, Sundberg, Mikkelsen, Sixten and frumflutt nýtt íslenskt verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttir. Gestur hans á laugardagstónleikunum verður dóttir hans, sopransöngkonan Victoria Hicks.

James D. Hicks is a native of Fredericksburg, Virginia, USA and holds a number of music degrees from the Peabody Institute of Music, Yale University and the University of Cincinnati. In past years Hicks has focused on Nordic organ music, his enthusiasm resulting in the Nordic Journey CD series for the Pro Organo label as well as in numerous concerts and recitals in Sweden, Norway and Finland. Hicks introduces the audience to the Nordic soundscape in works by Karlsen, Sundberg, Mikkelsen and Sixten, and premiers a piece by the Icelandic Hildigunnur Rúnarsdóttir. His American background will also be present in pieces by himself and by J.K. Paine to name a few. In the Saturday concert James D. Hicks will perform with his daughter Victoria Hicks, soprano.



Elżbieta Karolak

lau. 4. júlí kl. 12 / Sat. July 4 at 12 noon

sun. 5. júlí kl. 17 / Sun. July 5 at 5pm

Hin pólska Elżbieta Karolak er prófessor í Poznan og hefur verið mikilvirk i kennslu og tónleikahaldi. Hún nam pianó- og orgelleik, meðal annars hjá Romuald Sroczyński, en er einnig með háskólapróf í efnafraeði. Hún hefur viða leikið, á helstu tónlistarhátiðum í heimalandi sínu en einnig um alla Evrópu og í Bandaríkjunum. Þá hefur Elżbieta allar götur síðan 1992 verið ein af skiptileggjendum orgel- og kamertónleika í borginni þar sem leikið er á sögufrægt barokkorgel Friedrichs Ladegast. Hún hefur ritað bók um sögufræg orgel og sér um útværspætti helgaða orgeltónlist. Á tónleikunum mun hún leika verk eftir pólsku tónskálðin Podbielski, Krakowa, Zelechowski og Surzynski ásamt verkum eftir J.S. Bach, Buxtehude, Franck og Mozart.

Polish organist Elżbieta Karolak is a professor in Poznan, a productive teacher and performer. She studied classical piano and organ, with Romuald Sroczyński among her teachers. She also has a university degree in chemistry. Her performances have taken her all over Poland but also across Europe and to the United States. Since 1992 professor Karolak has been one of the organizers of the Farnych Organ and Chambermusic Concerts in Poznan, centered around the historic baroque organ built by Friedrich Ladegast. She has published material on Poland's historic organs and hosts radio programmes featuring organ music. Karolak's concert features Polish composers Podbielski, Krakowa, Zelechowski and Surzynski along pieces by J.S. Bach, Buxtehude, Franck and Mozart.



Hörður Áskelsson

lau. 11. júlí kl. 12 / Sat. July 11 at 12 noon

sun. 12. júlí kl. 17 / Sun. July 12 at 5pm

Hörður Áskelsson hefur gegnt lykililutverki í uppbyggingu listalifs Hallgrímskirkju og er listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátiðar og Alþjóðlega orgelsummarsins, auk bess að vera stjórnandi og stofnandi Möttettukórs Hallgrímskirkju og kammerkórsins Schola cantorum. Hörður hóf störf við Hallgrímskirkju 1982 að loknum framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi, þar sem hann lauk A-prófi með láði. Hörður hefur verið mikilvirkur í tónleikahaldi viða um heim og komið fram m.a. í Kólnardómkirkju og St. Sulpice í París. Hann hefur hlutið margs háttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlifs Á ísländum, þ. á m. Hin íslensku tónlistarverðlauna og Riddarakross hinna íslensku fálfaröðu. Á sunnudagstónleikunum mun Hörður m.a. leika úr Sinfonia Arctandriae eftir Kjell Mörk Karlsen, sem tileinkad er honum, ásamt verkum eftir Guilmain, C. Franck og J.S. Bach, en á efnißkrá laugardagsins eru verk eftir Boëllman, Pál Ísólfsson og Grieg.

Hörður Áskelsson studied at the Robert Schumann Hochschule in Düsseldorf and has been the Music Director of Hallgrímskirkja since 1982. He was a key instigator of the founding of the Friends of the Arts Society, the Festival of Sacred Arts, and the International Organ Summer in Hallgrímskirkja. Áskelsson has performed in numerous major churches of Europe and received recognition for his contribution to the Icelandic music scene; among those being the Icelandic Music Awards. The Saturday concert includes works by Boëllman, P. Ísólfsson and Grieg and on the Sunday's program are works by J.S. Bach, Guilmain, C. Franck and Kjell- Mörk Karlsen (Sinfonia Arctandriae dedicated to Hörður).



Dexter Kennedy

lau. 18. júlí kl. 12 / Sat. July 18 at 12 noon

sun. 19. júlí kl. 17 / Sun. July 19 at 5pm

Bandaríkjamaðurinn Dexter Kennedy var aðeins 24 ára gamall þegar hann vann Grand Prix d'Interpretation í 24. Alþjóðlegu orgelkeppninni í Chartres á síðasta ári og sýndi með því að hann er einn fremsti orgelleikari sinnar kynslóðar. Timaritið The American Organist hefur lofað hann fyrir „undraverða tækni og tilkomumikinn tónlistarstíl“. Kennedy höfðar jafnt til tónlistarspekulanta sem óvanari áheyrenda því flutningur hans er leitfrandi af óbeisludum frumkrafti en stendur jafnframta traustum fótum á grunni tónlistarsögunnar. Á tónleikunum mun hann leika verk eftir J.S. Bach, Muffat, Langlais, Albright, Vierne, Smyth, Dupré og Boëly.

As last year's winner of the Grand Prix d'Interprétation at the 24th Concours International d'Orgue de Chartres at only 24, the American organist Dexter Kennedy has established himself internationally as one of the leading organists of his generation. Praised by The American Organist for his "prodigious technique and grand style musicality", his concert programs present performances that are fiery, spontaneous, and historically informed, exciting both music connoisseurs as well as people who have never experienced the organ in a concert setting. His programme includes music by J.S. Bach, Muffat, Langlais, Albright, Vierne, Smyth, Dupré and Boëly.

János Kristófi

lau. 25. júlí kl. 12 / Sat. July 25 at 12 noon
sun. 26. júlí kl. 17 / Sun. July 26 at 5pm



Rúmenski orgelleikarinn János Kristófi hefur verið organisti við dómkirkjuna í Oradea frá 1987 og frá 2011 hefur hann einnig gegnt þar starfi kórstjóra og hljómsveitarstjóra. Eftir að hann lauk námi við Tónlistarháskóla Franz Liszt hóf hann kennslu við Partium Christian University, þar sem hann hefur nú prófessorsstöðu. Hann lauk doktorsgráðu í kirkjutónlist árið 2007. Fyrstu stórtónleikar Kristófi voru árið 1995 í dómkirkjunni í Bamberg en hann hefur síðan haldið vel lukkaða tónleika um alla Evrópu, í Ísrael og í Bandaríkjunum. Hann mun leika verk eftir J.S. Bach og Liszt.

Romanian organist János Kristófi has been the organist of Oradea's Roman-Catholic Cathedral since 1987. Since 2011 he has also been the conductor of the Choir and Orchestra of Oradea Cathedral. After finishing his studies at Liszt Ferenc Music Academy, he started his teaching career at Partium Christian University, where he is an associate professor now. In 2007 he obtained his doctorate in Church Music. His first major foreign appearance was in 1995 in Bamberg Cathedral. Since then, he has held successful concerts all over Europe, in Israel and the United States plus regularly performing in Transylvania's most important cultural centres. Kristófi will be playing works by J.S. Bach and Liszt.

Lára Bryndís Eggertsdóttir

lau. 1. ágúst kl. 12 / Sat. August 1 at 12 noon
sun. 2. ágúst kl. 17 / Sun. August 2 at 5pm



Lára Bryndís Eggertsdóttir byrjaði ung að læra á píanon og þegar hún var 14 ára gömul tók hún fyrstu skrefin sem afleysingaorganisti í Langholtskirkju. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar með hæstu einkunn vorið 2002 undir handleiðslu Harðar Áskelssonar. Frá 2008 hefur Lára Bryndís verið búsett í Horsens í Dammörku og stundaði framhaldsnám við Tónlistarskólan í Árósum hjá Ulrik Spang-Hansen. Nú um stundir gegnir hún stöðu organista við Sønderbro kirkju í Horsens og er einnig aðal semballeikari barokksveitarinnar BaroqueAros í Árósum.

Lára Bryndís Eggertsdóttir began her piano studies at a very young age and at the age of 14, she began playing in services at Langholtskirkja, a parish church in Reykjavík. In 2002 she completed her soloist diploma from the National Church School of Music under the guidance of Hörður Áskelsson. Since 2008, Lára Bryndís Eggertsdóttir has been living in Denmark where she has pursued further studies at the Aarhus Royal Academy of Music with Prof. Ulrik Spang-Hansen as principal organ teacher. Now she holds the position of organist at Sønderbro Church in Horsens, and is also the principal harpsichordist of the professional baroque ensemble BaroqueAros in Aarhus.


Andreas Liebig

lau. 8. ágúst kl. 12 / Sat. August 8 at 12 noon
sun. 9. ágúst kl. 17 / Sun. August 9 at 5pm



Svissneski orgelleikarinn Andreas Liebig nam orgelleik, píanolíek og tónlistarfæði við Staatliche Hochschule für Musik und Darstellende Kunst í Stuttgart 1983-1989 og hlaut árið eftir námsstyrk til að læra hjá H. Haselböck í Vín. Liebig hefur verið listrænn stjórnandi ýmissa tónleikaraða og tónlistarháttíða, þar á meðal Ostwestfälische Orgeltage, Krummhörner Orgelfrühling og Internationale Sommerkonzerte Dornum. Hann heldur reglulega tónleika við góðan orðstír, situr í dómnefndum í alþjóðlegum orgelkeppnum, hefur tekið upp tónlist Bachs á sögufræg orgel og kennir masterklassa um víða veröld. Hann hefur frá árinu 2013 verið deildarstjóri orgeldeilda Landeskonservatorium í Innsbruck og frá 2014 gegnt stöðu organista við dómkirkjuna í Basel. Á tónleikunum mun Liebig leika verk eftir Liszt, J.S. Bach, Reger, Franck og Duruflé.

Swiss organist Andreas Liebig studied organ, piano and music in Stuttgart and Vienna. After his graduation he spent years teaching and holding the position of organist at several churches in Denmark, Norway and Switzerland. He regularly performs to outstanding acclaim, is a jury member in international organ competitions, has recorded Bach's work on historic organs and teaches master classes worldwide. From the year 2013 he has been head of the organ department at Tiroler Landeskonservatorium in Innsbruck and from 2014 cathedral organist in Basel. Liebig will be playing pieces by Liszt, J.S. Bach, Reger, Franck and Duruflé.



Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12

Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

Í samvinnu við Félag íslenskra organleikara
In cooperation with Icelandic Organist Association

- | | |
|-------------------|--|
| 18. júní / Jun 18 | Lenka Mátéová, Kópavogur Church
Steinunn Skjenstad soprano |
| 25. júní / Jun 25 | Kári Þormar, Dómkirkjan |
| 2. júlí / Jul 2 | Jónas Þórir, Bústaðakirkja, film music,
Star Wars and more |
| 9. júlí / Jul 9 | Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja
Fjölnir Ólafsson baritone |
| 16. júlí / Jul 16 | Guðný Einarsdóttir, Fella- og Hólakirkja |
| 23. júlí / Jul 23 | Steingrímur Þórhallsson, Neskirkja
Pamela de Sensi flute |
| 30. júlí / Jul 30 | Eyþór Wechner Franzson |
| 6. ágúst / Aug 6 | Águst Ingi Ágústsson |



Tónleikar sumarsins

Concerts this summer

13. 6. 12 noon	Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja Reykjavík
14. 6. 5 pm	Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja Reykjavík
17. 6. 12 noon	Schola cantorum
18. 6. 12 noon	Lenka Mátéová, Kópavogur Church/ Steinunn Skjenstad soprano
20. 6. 12 noon	Iveta Apkalna, world famous concert organist, Latvia
21. 6. 5 pm	Iveta Apkalna, world famous concert organist, Latvia
24. 6. 12 noon	Schola cantorum
25. 6. 12 noon	Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík
27. 6. 12 noon	James D. Hicks, Norway / Virginia Hicks USA soprano
28. 6. 5 pm	James D. Hicks, Norway / Virginia Hicks USA soprano
1. 7. 12 noon	Schola cantorum
2. 7. 12 noon	Jónas Pórir, Bústaðakirkja - film music, Star Wars and more
4. 7. 12 noon	Elzbieta Karolak, Poland
5. 7. 5 pm	Elzbieta Karolak, Poland
8. 7. 12 noon	Schola cantorum
9. 7. 12 noon	Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík Fjölnir Ólafsson baritone
11. 7. 12 noon	Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík
12. 7. 5 pm	Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík
15. 7. 12 noon	Schola cantorum
16. 7. 12 noon	Guðný Einarsdóttir, Fella- og Hólakirkja, Reykjavík
18. 7. 12 noon	Dexter Kennedy USA, 1. prize winner - Chartre International Organ Competition 2014
19. 7. 5 pm	Schola cantorum
22. 7. 12 noon	Steingrímur Þórhallsson, Neskirja Reykjavík/Pamela de Sensi flute
23. 7. 12 noon	János Kristófi, Hungary
25. 7. 12 noon	János Kristófi, Hungary
26. 7. 5 pm	János Kristófi, Hungary
29. 7. 12 noon	Schola cantorum
30. 7. 12 noon	Eybór Wechner Franzson, Iceland
1. 8. 12 noon	Lára Bryndís Eggerts dóttir, Iceland
2. 8. 5 pm	Lára Bryndís Eggerts dóttir, Iceland
3. 8. 8 pm	Vokalensemplet GAIA - Árósum/ Aarhus Denmark
5. 8. 12 noon	Schola cantorum
6. 8. 12 noon	Águst Ingi Ágústsson, Iceland
8. 8. 12 noon	Andreas Liebig, Basel Münster, Switzerland
9. 8. 5 pm	Andreas Liebig, Basel Münster, Switzerland

Alþjóðlegt orgelsumar / International Organ Summer

Hörður Áskelsson kantor/Music Director
of Hallgrímskirkja

Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju
Umsjón með efnisskrám/program supervision:
Erla Elín Hansdóttir

Hönnun/Design: Hafsteinn Sv. Hafsteinsson

Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sími / tel.: +354 510 1000
list@hallgrimskirkja.is - www.listvinafelag.is

Inga Rós Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri/
Manager